

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um kalkþörungavinnslu.

Frá Ara Trausta Guðmundssyni.

1. Telur ráðherra að kanna þurfi og endurmeta umfang og framvindu kalkþörunganáms og fyrirhugaðar viðbætur þeirrar vinnslu í ljósi þess að rauðþörungur er afar hægvaxta og talinn í hættu samkvæmt samráðshópnum um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins, OSPAR?
2. Hvaða mótvægisáðgerðum hefur verið beitt gegn kalkþörunganami hér við land og hvaða árangur hafa þær borið þegar litið er til þörungasvæða og vistkerfa sem þar hafa myndast?
3. Telur ráðherra að kalkþörunganam á allnokkrum strandsvæðum sé í samræmi við landskipulagsstefnu 2015–2026, þar sem segir að skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins og að stuðlað skuli að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda?